

Reykjavík, 11. júní 2015

Samkomulag um sátt vegna brots X á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008

Hinn 15. maí 2015 gerðu Fjármálaeftirlitið og X, hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn a-lið 1. mgr. 3. gr. innheimtulaga með því að hafa frá upphafi árs 2011 til 3. febrúar 2015 stundað innheimtustarfsemi fyrir aðra án innheimtuleyfis.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 2.375.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili hætt innheimtustarfsemi og sótt um innheimtuleyfi til Fjármálaeftirlitsins.

Málsatvik

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum þann 11. ágúst 2014 um hvort málsaðili stundaði innheimtustarfsemi fyrir aðra sem félli undir ákvæði innheimtulaga án þess að málsaðili væri með innheimtuleyfi. Í svari málsaðila þann 21. ágúst 2014 kom fram að í starfseminni fælist m.a. að gefa út innheimtuviðvaranir vegna vangreiddra iðgjalda samkvæmt séreignarlífeyristryggingum launþega sem gert hafa samning við Y í gegnum móðurfélag umbjóðanda málsaðila, Z. Aðilar mega aðeins stunda innheimtu fyrir aðra ef þeir hafa fengið innheimtuleyfi, sbr. 3. gr. innheimtulaga. Með innheimtu fyrir aðra er átt við innheimtu fyrir annan sjálfstæðan lögaðila jafnvel þó að innheimt sé fyrir lögaðila innan sömu fyrirtækjasamsteypu, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

Með hliðsjón af því að málsaðili sendi innheimtuviðvaranir vegna gjaldfallinna peningakrafna sem voru ekki í eigu málsaðila taldi Fjármálaeftirlitið að málsaðili stundaði innheimtustarfsemi fyrir aðra án innheimtuleyfis skv. 3. gr. innheimtulaga, frá upphafi árs 2011 til 3. febrúar 2015. Að mati Fjármálaeftirlitsins hefur málsaðili gripið til viðeigandi ráðstafanna með því að hætta innheimtustarfsemi.

Lagagrundvöllur

Skilyrði þess að mega stunda innheimtu fyrir aðra skv. 3. gr. innheimtulaga er m.a. að fyrir liggja innheimtuleyfi skv. a. lið 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. gr. laganna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Brot á a. lið 1. mgr. 3. gr. innheimtulaga getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. a. lið 1. mgr. 18. gr. innheimtulaga og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þús. krónum. til 50 millj. króna, sbr. 3. mgr. 18. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 3. gr. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 19. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem lítið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar leit Fjármálaeftirlitið til þess að innheimtulög eru sett til hagsbóta fyrir neytendur og að innheimtustarfsemi fyrir aðra er starfsleyfisskyld starfssemi sem á að vera undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þá var tekið mið af samstarfsvilja málsaðila, hve lengi innheimtustarfsemin var stunduð án leyfis og til þess hve umfang innheimtunnar var lítið.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 2.375.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 19. gr. innheimtulaga og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.